

Nd.

132. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að fyrirskipa hverskonar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar gegn því, að menn sýkist af fýlasótt (psittacosis, páfagaukaveiki), og þar á meðal að banna að meira eða minna leyti fýlatekju, hvort sem er á einstökum stöðum eða á landinu í heild.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nokkur undanfarin ár hefir orðið vart sérkennilegs og illkynjaðs lungnabólgu-faraldurs í Færeyjum, sem einkum hefir tekið kvenfólk (af 165, sem veiktust á árunum 1933—1937, voru aðeins 24 karlmenn, eða 14,5%, en af sjúklingunum dóu 30, eða 18,2%). Faraldurinn kom upp á sama tíma á hverju ári (í september). Við nánari athugun kom í ljós, að svo mátti heita, að eingöngu veiktist fólk, er stundaði fýlungatekju, og þó einkum konur, er reyttu fýlungann.

Snjall læknir í Færeyjum, R. K. Rasmussen, vakti athygli á þessu og því um leið, að sjúkdómurinn líktist mjög veiki þeirri, sem nefnd er psittacosis (páfagaukaveiki), er menn taka af páfagaukum, en áður var ókunnugt um aðrar sýkingarleiðir. Leiddi Rasmussen þau rök að því í ritgerð haustið 1938, að hér væri um sjúkdóm að ræða, er stafaði frá sýkingu af fýlungum, að naumast varð efast um, að rétt væri til getið, og jafnframt þær líkur að því, að veikin væri psittacosis, að nærri stappaði vissu, enda sannaðist það til fullnustu litlu síðar með bakteríu- og blóðvatnsrannsóknunum, að einnig um þetta átti Rasmussen kollgátuna.

Er þessar fregnir bárust frá Færeyjum, þótti sýnt, að hér á landi væri hin sama sýkingarhætta fyrir hendi eða yfirvofandi. Setti landlæknir sig þegar í samband við Rasmussen til að afla sér frekari vitneskju um málið og skrifaði síðan (30/11 1938) héraðslæknunum í þeim tveimur læknishéruðum, þar sem fýlaveiði er stunduð að nokkru ráði (í Vestmannaeyjum og Vík í Mýrdal), og beiddist þess, að þeir athuguðu um, hvort verið gæli, að veiki þessi hefði þegar stungið sér þar niður, svo og, að þeir hefðu vakandi auga á, hvað gerast kynni á næsta fýlungaveiðitíma.

Báðum héraðslæknunum kom saman um, að ekkert benti til, að veikinnar hefði orðið vart á undanförunum árum. En á síðastliðnu hausti tóku 6 sjúklingar (þar af 5 konur) í Vestmannaeyjum, mjög á sama tíma, sérkennilega lungnabólgu og höfðu allir reytt fýlunga 8—12 dögum áður. Þótti þetta grunsamlegt, en það helzt mæla gegn því, að um psittacosis væri að ræða, að veikin var vægari en sú veiki er vanalega

og hún hefir reynzt í Færeyjum. Tókst svo vel til, að enginn sjúklinganna dó. Við blóðvatnsrannsókn sérfróðs manns um þessi efni erlendis sannaðist þó, að um psittacosis hefði verið að ræða.

Í Mýrdalshéraði veiktist enginn grunsamlega.

Þykir þetta gefa tilefni til þess, að sett verði heimildarlög þau, sem farið er fram á með þessu frv. Er ekki enn fyllilega athugað um, hvort treysta megi öðrum sóttvarnarráðstöfunum en þeim, að banna fýlungatekju með öllu. En jafnvel þó að þess þætti við þurfa, er hér um svo mikla sýkingar- og lífshættu að ræða, að ekki er horfandi í slíkt, með því líka að tekjur af þessari atvinnugrein munu hvergi vera þær, að verulegu nemi, enda fer saman, að þeir, sem þessa atvinnu stunda og hafa einhvern arð af, eru sjálfir eða fólk þeirra í mestri sýkingarhættunni. Vil ég geta um það í þessu sambandi, að heilbrigðisnefndin í Vestmannaeyjum hefir fyrir tilmæli landlæknis rætt þetta mál við búendur þá í Vestmannaeyjum, er fýlaveiði hafa stundað, en þeir brugðizt svo við að senda Alþingi áskorun um að gera ráðstafanir til, að veiði þessi verði bönnuð í Vestmannaeyjum.

Úr Mýrdalshéraði hefir enn ekki borizt svar við samskonar erindi.